

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutadeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XVII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. nóvember 1990. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. nóvember 1990 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 287 13. júní 1989, nr. 486 11. október 1989 og nr. 321 18. júlí 1990.

Samgönguráðuneytið, 8. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um skráningu Gammatox (lindans).

1. gr.

Útrýmingarefnið Gammatox sem inniheldur 19,5% w/w og koparsúlfat 52% w/w, sbr. reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra er hér með sett í hættuflokk A skv. 4. gr. sömu reglugerðar.

2. gr.

Notkun efnisins er aðeins leyfð við böðun sauðfjár gegn óprifum (lús og kláðamaur) skv. fyrirmælum héraðsdýralækna. Héraðsdýralæknum er einum heimilt að dreifa efninu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 16. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. október 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.